

Skagafjarðarveitur ehf.

Aðalfundur 26.06. 2008

Aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2007 haldinn fimmtudaginn 26. júní 2008, kl. 11:00 í húsi Skagafjarðarveitna ehf. að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

AÐALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Páll Dagbjartsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Tilaga um Margeir Friðriksson sem fundarritara var samþykkt samhljóða.

1. Einar Gíslason flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.
2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2007.
Rekstrarhagnaður félagsins var kr. 7.514.062.- Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 1.022.321.644.- og eigið fé kr. 381.117.452.-

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.
Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Tillaga var borin upp um að hagnaður ársins verði færður óráðstafaður til næsta árs.
Samþykkt samhljóða.
4. Tillaga lögð fram um að laun stjórnarmanna fyrir komandi starfsár skulu taka mið af launum fyrir nefndir 1 / fastanefndir hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.
Samþykkt samhljóða.
5. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.

6. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:

Aðalmenn:

Einar Gíslason
Páll Dagbjartsson
Pétur Valdimarsson

Varamenn:

Viggó Jónsson
Jón Sigurðsson
Hólmfríður Guðmundsdóttir

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG á Sauðárkróki.

Samþykkt samhljóða.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin. Einar Gíslason gerði grein fyrir áætluðum framkvæmdum árið 2009 og urðu nokkrar umræður um þær sem og framkvæmdir ársins 2008.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 11:44

Páll Dagbjartsson
fundarstjóri (sign)

Margeir Friðriksson
ritari (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.